

25.tbl.

26.júní. 2024

31 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



**Orlofsnefnd húsmædra í Suður-Þingeyjarsýslu kynnir:**

**Prag 25 -28 október. 2024**

Beint flug frá Akureyri  
Gisting á 4 stjörnu hóteli  
Spennandi ferð til höfuðborgar Tékklands í góðum félags-  
skap. Takmörkuð sæti í boði.

Ef þú ert húsmóðir sem rekur eða hefur rekið heimili í  
Suður-Þingeyjarsýslu viljum við fá þig með.  
Umsóknarfrestur er til 10.júlí

Jónína s.8920371 [ninahe@simnet.is](mailto:ninahe@simnet.is)

Sigrún s.8930064 [brunah@simnet.is](mailto:brunah@simnet.is)

Elín s.8683740 [ellafina74@gmail.com](mailto:ellafina74@gmail.com)

## **Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir starfsfólki.**

**Viltu vinna í skemmtilegu umhverfi, með frábærum nemendum og með góðu samstarfsfólki? Ef svo er ættir þú að íhuga starf í Þingeyjarskóla.**

**Við viljum fá til liðs við okkur:**

**Leikskólakennara/leikskólastarfsmann í 60–80% starf við leikskóla-deildina Krílabæ á Laugum frá og með 6. ágúst.**

**Leikskólakennara/leikskólastarfsmann í 80 – 100% starf við leikskóla-deildina Barnaborg frá og með 6. ágúst.**

**Skólaliða í 80–100% starf frá og með 15. ágúst.**

**Matráð – aðstoð í eldhúsi 75 – 100% starf**

Við leitum að starfsfólki sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðað
- Er sveigjanlegt og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstætt í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af rúmlega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Möguleiki er á húsnæði.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí 2024.

Umsóknir skulu sendast á netfangið [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is)

Nánari upplýsingar veitir Ásta Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í gegnum netfangið [asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is](mailto:asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is) eða í síma

5121803

## Brúarkynningar í júlí og ágúst

### 25. júlí *Fornleifarannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit* – Hildur Gestsdóttir

Það eru fáir staðir á Íslandi þar sem farið hafa fram jafn viðamiklar fornleifarannsóknir og á Hofstöðum í Mývatnssveit. Upphaf þeirra má rekja til rannsókna Daniel Bruun á skálanum í Hofstaðatúninu. Frá 1992 hefur Fornleifastofnun Íslands, auk fjölmargra samstarfsaðila, unnið rannsóknir þar sem og víðar í Mývatnssveit. Á þeim tíma var lokið við rannsóknir á veisluskálanum og viðbyggingu hans sem og á kirkjugarði sem tímasetja má til upphaf kristinnar. Þar að auki hafa farið fram fjölmargar minni kannanir m.a. á bæjarstæði frá víkingaöld sem fannst árið 2016 sunnan við túnin. Í ár er einnig unnið að rannsóknum á Hofstöðum m.a. á gamla bæjarhólnum en uppröfturinn er hluti af vettvangsnámskeiði fyrir nema í fornleifafræði á vegum Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Minjastofnunar Íslands. Fimmtudaginn 25. júlí kl. 17:00 verður farið í gönguferð um Hofstaði, undir leiðsögn Hildar þar sem hún segir frá fyrri rannsóknum og nýi uppröfturinn er skoðaður.

### 21. ágúst *Þjóðsögur í Þingeyjarsveit* – Anna Karen Unnsteins

Sagt er frá verkefninu *Þjóðsögur í Þingeyjarsveit* en nú í sumar er Anna Karen að fara vítt og breitt um sveitarfélagið til að ræða við íbúa og safna óskráðum þjóðsögum. Miðvikudagskvöldið 21. ágúst kl. 20:00 í Breiðumýri.

Fylgist með á facebook og heimasíðu Huldu

Öll velkomin





## Flautukvartettar Mozarts

Freyr Sigurjónsson flautuleikari,  
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari,  
Martin Frewer víóluleikari og  
Þórdís Gerður Jónsdóttir sellóleikari  
flytja alla fjóra flautukvartetta Mozarts í  
Skjólbrekku föstudaginn 28. júní kl. 20:00

Aðgangseyrir kr. 3000, ókeypis fyrir börn.  
Ekki er posi á staðnum, en afhentar  
upplýsingar um beina innlög á reikning.

# Mozart

## Hlaupastelpan fer í langt sumarfrí þetta árið

Frá 1. júlí til og með 12. ágúst verður  
engin Hlaupastelpa gefin út.

Þar á eftir verður útgáfunni haldið úti alla vega fram til  
áramóta. Við breytta tilhögun útgáfu, þ.e. ekki er lengur hægt að senda hana með  
fjölþósti í hvert hús, þefur auglýsinga eftirspurn dregist allmikið saman og því mun  
ég meta um áramótin næstu hvort það taki því að halda þessari útgáfu  
annars gangandi.

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, veflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### Verðskrá:

*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.600.- m.vsk  
*heilsíðuauglýsing* kr. 6.620.- m.vsk.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>